

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Hafnarfjarðar árið 2012.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 er 0,112 % af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

2. gr.

Notkunargjald og mælaleiga.

Notkunargjald skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 sbr. ákvörðun framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar frá 6. júlí 2009 er kr. 18 pr. mælt tonn.

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

Nafnmál/"	Kennitákn	Mælaleiga kr. pr. ár	Mælaleiga kr. pr.dag
15/ 1/2"	15	3.750	10,27
20/ 3/4"	20	3.875	10,62
25/ 1"	25	4.538	12,43
30/ 1 1/4"	30	4.944	13,55
40/ 1 1/2"	40	8.293	22,72
50/ 2" T	50 t	9.244	25,33
50/ 2" Fl.	50 fl	11.120	30,47
65/ 2 1/2"	65	23.370	64,03
80/ 3"	80	26.470	72,52
100/ 4"	100	31.280	85,70
150/ 6"	150	37.750	103,42
200/ 8"	200	68.750	188,36

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

3. gr.

Heimædagjöld fyrir nýbyggingar.

Eftirfarandi tafla gildir um heimædagjöld fyrir nýbyggingar. Heimædagjald er greitt fyrirfram.

Þvermál heimæðar. Plast	Verð miðað við byggingavísitölu 111,6 fyrir desember 2011. Lengd heimæðar 0-30 metrar	Verð á metra umfram 30 metra
25	Kr. 162.196	Kr. 4.546
32	Kr. 168.183	Kr. 4.571
40	Kr. 226.090	Kr. 6.498
50	Kr. 255.520	Kr. 7.184
63	Kr. 290.083	Kr. 8.001
75	Kr. 306.612	Kr. 8.888

90	Kr. 455.734	Kr. 12.325
110	Kr. 569.212	Kr. 14.393
160	Kr. 932.723	Kr. 15.718
225	Kr. 1.535.259	Kr. 21.824

Stærri heimæðar reiknast sérstaklega.

Þetta verð miðast við að húsbyggjandi leggi til skurð sem grafinn er á frostfrítt dýpi frá tengi-
stað við lóðamörk, inn í tengirými fasteignar og ídráttarröri komið fyrir og það ídráttarhæft.

Ídráttarrör eru afhent hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2, Hafnarfirði.

Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu fyrir tengingu og aftengingu á byggingarvatni
kr. 12.500.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 19. desember 2011, tekur gildi 1.
janúar 2012. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og
reglugerð nr. 401/1995 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur niður gjaldskrá sama efnis nr.
1073/2010.

Hafnarfirði, 20. desember 2011.

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2011